

Byggingalýsing

Almennt:

Um er að ræða nýbyggingu íbúðarhúss og sambyggðs bílskúrs á lóðinni Byggðarhorn, Búgarður 7 í Árborg með landnúmer 209301 staðgr. 8200-3-00012270

Lóðin er 77.000² að flatarmáli og verður brúttóstærð hússins 211,3m² og nýtingarhlufall lóðar 0,002. Hæðakóti húss er ekki fastsettur þar sem ekkert hæðablað hefur verið gert. Því var gólfkóti hússins "settur" í 10,00 á teikningum og hæðakótar reiknaðir út frá því. Hæð húss verður ákveðin til samræmis við landhæð samkvæmt deiliskipulagi.

Helstu byggingarefni:

Burðarvirki er steinsteypt og úr timbri. Sökkklar og botnplata staðsteypt en berandi veggir ásamt þakvirki eru úr timbri.

Þak er með 6° þakhalla og eru byggð upp með burðarbitum nærri mæni og sperrum sem að sitja á burðarbitum og útveggjum. Á sperrur kemur borðaklæðning ásamt rakavarnarlagi, Vatnasklæðning eru báradar aluzink plötur á lektum. Þök eru loftræst sbr. gr. 10.5.5 í byggingarreglugerð.

Útveggir verða einangraðir með steinull í timburgrind og klæddir með báradri áklæðningu og brotin upp í kringum glugga og hurðir með sléttum ál-plötum. Útveggir hússins eru a.m.k. REI60. Litur klæðninga verður sýndur á sérteikningu.

Gluggar og hurðir eru hefðbundnir timburgluggar og hurðir og allt gler verður a.m.k. tvöfalt K-gler.

Einangrun og kólnunartölur eru skv. byggingarreglugerð 112/2012 og er miðað við að allar kólnunartölur séu undir kröfum byggingarreglugerðar og uppfylli húsið orkurammaútreikning.

	BR w/m ² °k	Raun w/m ² °k	
Útveggir	145mm þéttull	0,30	0,27
Þak	250mm þakull	0,20	0,19
Gólf	100mm EPS	0,30	0,25
Gluggar		2,00	1,90
Útihurðar		3,00	1,71

Innveggir eru byggðir upp með stálgrindarstöðum og eða timburgrind, fylltir steinullar einangrun og klæddir með tvöföldu lagi af gipsi sem er í brunavarnarflokki 1. Loft verða einnig klædd gipsplötum í sama brunavarnarflokki.

Gólf í votrymum verða flísalögð og veggir að hluta til flísalagðir. Almennt verða gólf í íverurýmum parketlögð.

Upphitun:

Húsið verður hitað upp með gólfhita í bland við hefðbundna vatnsöfna. Dreifikista fyrir gólfhita verður staðsett í millivegg milli baðherbergis og hjónaherbergis og verður hún aðgengileg.

Neysluvatns- og þrífagnir:

Neysluvatnslagnir verða lagðar í botnplötu (rör í rör) Heitt neysluvatn er upphitað kalt vatn sem hitað er upp með varmaskipti eða uppblandað heitt og kalt vatn svo að tryggt sé að hámarkshitastig neysluvatns á töppunarstað verði að hámarki 65°C skv. staðli.

Fráveitulagnir:

Fráveitulagnir innanhúss eru hefðbundnar plastlagnir. Fráveitulagnir í jörðu eru PVC

Gegnumstreymisniðurföll eru staðsett í öllum votrymum, nema í baðherbergjum þar sem er sturtuníðurfall en það er þá einnig notað sem neyðarníðurfall. Auk þess skulu niðurföll vera bílgeymslu.

Rotþró verður staðsett innan lóðar og staðsetning hennar er tilgreind á afstöðumynd.

Loftþræsing:

Loftþræsing er vél'æn og verður loftþræsibúnaður staðsettur ofan niðurtækinnna lofta. Á grunnmyndum eru merkt þau rými sem að nauðsynlegt er að loftþræsa.

Raflagnir:

Raflagnir eru hefðbundnar og eru í ídráttarrörum í lagnagrind í útveggjum, loftum og milliveggjum.

Brunavarnir:

Notkunarflokkur. Byggingin er einbýlishús í notkunarflokki 3. Brunahólfa skal milli íbúðar og bílgeymslu með REI 60 og EI 60-CS hurð skal vera milli bílgeymslu og íbúðar

Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1. Utanhúsklæðningar verða í flokki 1. Gólfefni verða í flokki G, eða Dfl-s1.

Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof.). (t2).


Flóttaleiðir, Björgunarop. Björgunarop verða um glugga í öllum svefnherbergjum.

Brunavíðvörum. Í íbúð verða viðurkenndir reykskynjarar sbr. grein 9.4.3. í byggingarreglugerð, a.m.k. einn á hverja 80 m² íbúðar og einn í bílgeymslu, sjá nánar á grunnmynd,

Slökkvitæki skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 3. Þau eru tvö og er staðsetning þeirra sýnd á grunnmynd.

HELSTU TÁKN:

- LR = LOFTRÆSTING
- GN = GÓLFNÍÐURFALL
- HL = HANDLAUG
- SV = SKOLVASKUR
- R = REYKSKYKNJARI
- SL = HANDSLÖKKVITÆKI
- BO = BJÖRGUNAROP
- EI 60 = BRUNAHÓLFANDI VEGGIR
- K = HÆDARKÓTI BYGGINGAR
- L = HÆÐ LANDS
- NLR= NÁTTÚRULEG LOFTRÆSTING



TEIKNING:

A - 001 | Grunnmynd / Byggingalýsing

SAMÞYKKT:

KVARÐI:
1:100

BLS STÆRÐ:
A2

DAGS:
10.05.2022

Jón Þór Jónsson - Byggingafræðingur BFÍ
Seljuskógar 6 - 300 Akranes.

kt. 050476-4569
jonsi@selholl.is

Aðaluppdráttur Byggðarhorn
Búgarður 7

Verkaupi: Kristján Örn Jónsson